

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabanka Íslands ákveðið innflutningskvóta, sem gildir til ársloka 1962, til viðbótar áður auglýstum innflutningskvótum, sem hér segir:

Tollskrá:	Innflutnings-
Kafli. Nr.	kvóti 1962.
50 12 Færi og línur til fiskveiða	200 000 kg
18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður	100 000 —

Umsóknir um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir ofangreindum vörutegundum skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. október n. k.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. september 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárn. bætist við 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:
Kafli. Nr.
50 12 Færi og línur til fiskveiða.
50 18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. september 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.